

Ár 2025, miðvikudagurinn 12. mars 2025, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) haldið af Tönju Tómasdóttur, dómara.

Fyrir er tekið: Mál nr. 2/2025

UMF Fjölnir - Íshokkideild

Gegn

Skautafélagi Hafnafjarðar (SFH)

Gögn málsins liggja frammi. Málið er skriflega flutt.

Í málinu er nú kveðinn upp svohljóðandi

Úrskurður:

Málið var höfðað með kæru Íshokkideilda Ungmennafélagsins Fjölnis, ódags. Kærðan var móttokin af skrifstofu ÍSÍ þann 27. febrúar sl. og var úthlutað til dómara þann 4. mars. Varnaraðila var gefinn kostur á að koma á framfæri afstöðu sinni og liggur hún fyrir í málinu.

Með vísan til gagna málsins sem og staðfestingu kærða, liggur fyrir að Atli Snær Valdimarsson lék með SFH í leik Fjölnis og SFH þann 20. febrúar 2025 þrátt fyrir að hafa ekki fengið félagaskipti skv. reglugerð Íshokkisambands Íslands (IHÍ) nr. 9. Kærði hefur játað brot sitt á reglugerðum IHÍ.

Samkvæmt 1. gr. reglugerðar IHÍ nr. 3 skal félög sem teflir fram ólöglegum leikmanni tapa leiknum með tíu mörkum (10-0). Þar sem SFH hefur viðurkennt brotið er er ljóst að fallast verður á kröfur kæranda og úrskurða Fjölni sigur í leiknum með tíu mörkum eða 10-0.

Úrskurðarorð:

Kæranda er dæmdur 10-0 sigur í leik Fjölnis og SFH sem fram fór þann 20. febrúar 2025.



Tanja Tómasdóttir
Tanja Tómasdóttir

Um málsskotsheimild:

Samkvæmt gr. 35.3 í lögum ÍSÍ er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstólsins ein vika frá því að aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu málsins, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að dómur undirréttar var upp kveðið.